

Álit og tillögur kjörbréfanefndar.

Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf þau sem landskjörstjórn gaf út 6. maí 2013 í samræmi við úrslit alþingiskosninga sem fram fóru 27. apríl sl.

Innanríkisráðuneytið hefur í samræmi við fyrirmæli 112. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, sent Alþingi alls 65 ágreiningsatkvæði til meðferðar.

Nefndinni bárust samtals níu kærur, sbr. 118. og 120. gr. laga um kosningar til Alþingis.

I.

Ágreiningsatkvæði.

Við mat á gildi atkvæða í alþingiskosningum fer samkvæmt 100. og 101. gr. laga um kosningar til Alþingis. Í fyrri álitum kjörbréfanefndar (alþingiskosningarnar 2009 og 2007) hefur í vafatilfellum verið lögð áhersla á vilja kjósandans, sbr. reglu 1. mgr. 101. gr. laga um kosningar til Alþingis, enda sé kjörseðillinn augljóslega ekki ógildur þegar litið er til einnar eða fleiri ógildingarástæðna í 100. gr. laganna. Í 1. mgr. 101. gr. eru jafnframt talin í dæmiskyni tilvik sem ekki valda ógildingunni atkvæðis, svo sem að ekki sé merkt í fering við listabókstafinn en t.d. utan hans, að kross sé ólögulegur, að orðið listi fylgi listabókstaf að óþörfu á utankjörfundarseðli eða að heiti stjórnmalasamtaka standi í stað listabókstafs. Upptalning þessi er ekki tæmandi, sbr. orðin o.s.frv. í niðurlagi málgreinarinnar. Geta því fleiri atriði komið til sem ekki valda ógildingunni atkvæðis. Í því sambandi er í 1. mgr. 101. gr. lögð áhersla á að merkingar á kjörseðli verði að fara augljóslega gegn einum eða fleiri liðum 100. gr. svo að atkvæði teljist ógilt. Hins vegar hefur verið litið svo á að hvers konar teikningar á kjörseðli eða auðkenni leiði til þess að hann verði metinn ógildur. Skiptir þá ekki máli þótt vilji kjósandans sé skýr.

Loks kemur sú regla fram í 2. mgr. 101. gr. að lista í kjördæmi telst atkvæði þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á kjörseðlinum.

1.

Alþingi hefur borist bréf innanríkisráðuneytisins, dags. 2. maí 2013. Bréfinu fylgdu í inn-sigluðu umslagi átta ágreiningsseðlar þar sem yfirkjörstjórn Suðurlands og umboðsmenn greindi á um gildi þeirra, ásamt endurriti úr gerðabók yfirkjörstjórnar Suðurlands.

Yfirkjörstjórn Suðurlands úrskurðaði ágreiningsseðlana ógilda. Seðlarnir eru með svipuðum frágangi að því leyti að kjósendur hafa skyggt eða hulið með blýanti fering eins framboðslista, en merkt kross í fering annars lista. Ráða má að með þessu hafi kjósendur viljað leiðrétta atkvæði sitt, án þess þó að gera það ógilt eða kjörseðilinn auðkennilegan. Er greinilegt að kjósendur vildu með þessu að atkvæði þeirra féllu á þann lista sem þeir höfðu merkt X við. Með vísan til 1. mgr. 101. gr. laga um kosningar til Alþingis ber að meta seðla þessa gilda enda fer það augljóslega ekki í bága við einn eða fleiri stafliði 100. gr. laganna.

2.

Alþingi hefur einnig borist bréf frá innanríkisráðuneytinu, dags. 30. apríl 2013. Bréfinu fylgdu í tveimur innsigliðum umslögum 23 ágreiningsseðlar, þar sem yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður og umboðsmenn greindi á um gildi þeirra, ásamt ljósriti úr gerðabók yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður. Af þeim hafði yfirkjörstjórnin metið 22 atkvæði ógild og eitt gilt.

- a. Á 15 ágreiningsseðlum, sem yfirkjörstjórn úrskurðaði ógilda, er ekki merkt X í ferning við listabókstaf en hins vegar merkt við nöfn frambjóðanda, eins eða fleiri, á sama lista. Þessi merki eru ýmist kross, undirstrikun, útstrikun eða hringur utan um eitt eða fleiri nöfn. Greinilegt er að með þessu hafa kjósendur viljað ljá umræddum lista atkvæði sitt. Með vísan til 1. mgr. 101. gr. laga um kosningar til Alþingis er lagt til að atkvæði þessi verði metin gild enda fara þau augljóslega ekki í bága við einn eða fleiri stafliði 100. gr. laganna.
- b. Yfirkjörstjórn úrskurðaði jafnframt fjóra kjörseðla ógilda. Var einn þeirra með rífið horn. Á öðrum seðli er merkt X í ferning við listabókstaf lista og auk þess er ógreinileg áritun eða tákn í reit með nöfnum frambjóðenda þess lista. Á þriðja seðlinum hafði kjósandi skyggt ferning eins listabókstafs og merkt X við listabókstaf annars lista en auk þess dregið hring utan um ferninginn. Á fjórða seðilnum er merkt með X við listabókstaf lista, en jafnframt ritað óreglulegt X yfir hluta listans, auk þess sem eitt nafn á listanum er yfírstrikað. Greinilegt er að átt hefur verið við tvo fyrstu atkvæðaseðlana með þeim hætti að þeir fela í sér auðkenningu og eru því andstæðir d-lið 100. gr. laga um kosningar til Alþingis og er því lagt til að úrskurður yfirkjörstjórnar, hvað þá varðar, verði staðfestur. Átt hefur verið við þriðja og fjórða seðilinn með þeim hætti að telja verður greinilegt að vilji kjósanda komi fram og fari augljóslega ekki í bága við einn eða fleiri stafliði 100. gr. laga um kosningar til Alþingis og því er lagt til að atkvæðin verði metin gild.
- c. Loks úrskurðaði yfirkjörstjórn þrjú utankjörfundarseðla ógilda. Á fyrsta seðlinn er ritað óstyrkri hendi tákn sem yfirkjörstjórnin taldi erfitt að lesa úr. Á annan seðilinn eru rituð orðin „Bort framtíð Jon“ og á þann þriðja er stimplaður bókstafurinn I og jafnframt ritað s með blýanti. Eftir rannsókn á seðlunum er það álit nefndarinnar að greinilegt sé að kjósandi hafi valið X V á fyrsta seðlinum og leggur nefndin því til að hann verði metinn gildur, sbr. 1. mgr. 101. gr. laga um kosningar til Alþingis. Nefndin leggur jafnframt til að seðlar tvö og þrjú verði metnir ógildir, sbr. c- og d-lið 100. gr. laganna.
- d. Yfirkjörstjórn úrskurðaði enn fremur einn ágreiningsseðil gildan þar sem merkt er X við listabókstaf og jafnframt ritað X í reit með nöfnum frambjóðenda þess lista. Að mati nefndarinnar er greinilegt að vilji kjósanda kemur fram á seðlinum enda fer hann augljóslega ekki í bága við einn eða fleiri stafliði 1. mgr. 100. gr. laga um kosningar til Alþingis. Leggur nefndin því til að seðilinn verði metinn gildur.

3.

Alþingi hefur enn fremur borist bréf frá innanríkisráðuneytinu, dags. 10. maí 2013. Bréfinu fylgdu í tveimur innsigliðum umslögum 34 ágreiningsseðlar, þar sem yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður og umboðsmenn greindi á um gildi þeirra, ásamt ljósriti úr gerðabók yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður. Af þeim hafði yfirkjörstjórnin metið 32 ógilda og tvo gilda.

- a. Á fimm ágreiningsseðlum sem yfirkjörstjórn úrskurðaði ógilda er ferningur fyrir framan listabókstaf skyggður, auk þess sem á einum seðlanna er einnig strikað yfir nöfn tveggja frambjóðenda. Á seðlunum hafa kjósendur skyggt eða hulið með blýanti ferning fyrir

framan einn listabókstaf, án þess að merkja við annan listabókstaf. Með vísan til mats nefndarinnar á ágreiningseðlum í Suðurkjördæmi verður að telja þá afstöðu kjósenda greinilega að þeir hafi ekki viljað nýta atkvæði sitt og því skilað auðum seðli. Með vísan til a-liðar 100. gr. laga um kosningar til Alþingis er lagt til að seðlarnir verði metnir ógildir (auðir).

- b. Ritað hefur verið á bakhlið tveggja ágreiningseðla sem yfirkjörstjórn úrskurðaði ógilda. Á bakhlið annars kjörseðilsins hefur verið ritað með blýanti X B og á bakhlið hins kjörseðilsins er ritað með blýanti A. Með vísan til 84. og 85. gr., sbr. d-lið 100. gr., laga um kosningar til Alþingis er lagt til að seðlarnir verði metnir ógildir.
- c. Yfirkjörstjórn mat enn fremur ógilt eitt atkvæði þar sem strikað hefur verið yfir nafn frambjóðanda án þess að merkt væri X í ferning við lista frambjóðandans. Greinilegt er að með þessu hefur kjósandi viljað ljá umræddum lista atkvæði sitt. Með vísan til 1. mgr. 101. gr. laga um kosningar til Alþingis er lagt til að atkvæðið verði metið gilt enda fer það augljóslega ekki í bága við einn eða fleiri stafliði 100. gr. laganna.
- d. Á atkvæðaseðli sem metinn var ógildur af yfirkjörstjórn er strikað með veikri línu undir nafn frambjóðanda á öðrum framboðslista en þeim sem er greitt atkvæði. Línan er óregluleg og ber mér sér að reynt hefur verið að má hana út, auk þess sem hún nær út fyrir lista þess frambjóðanda sem strikað er undir. Þegar litið er til þessa og að á seðlinum er að auki að finna tvö önnur veik strik er greinilegt er að kjósandi hefur augljóslega sýnt vilja sinn með því að merkja X við umræddan listabókstaf. Er því er lagt til að atkvæðið verði metið gilt, sbr. 1. mgr. 101. gr. laga um kosningar til Alþingis, enda fer það ekki augljóslega í bága við einn eða fleiri stafliði 100. gr. laganna.
- e. Yfirkjörstjórn mat jafnframt ógildan atkvæðaseðil þar sem teiknað er lítið hjarta við nafn frambjóðanda. Með vísan til d-liðar 100. gr. laga um kosningar til Alþingis er lagt til að seðillinn verði metin ógildur.
- f. Yfirkjörstjórn mat tvo atkvæðaseðla gilda þar sem á öðrum er stórt X ritað yfir nánast öll nöfn eins framboðslista og á hinum mátti greina veik og handahófskennd blýantsstrik við einn framboðslista auk þess sem merkt var X við listabókstaf annars framboðslista. Af rannsókn atkvæðanna leiðir að vilji kjósenda er nægilega greinilegur um það hvernig hann vildi haga atkvæði sínu, sbr. 1. mgr. 101. laga um kosningar til Alþingis, enda fer sú niðurstaða augljóslega ekki í bága við einn eða fleiri stafliði 100. gr. laganna. Er því lagt til að seðlarnir verði metnir gildir.
- g. Yfirkjörstjórn úrskurðaði 10 utankjörfundaratkvæði ógild þar sem auk listabókstafs voru rituð nöfn frambjóðenda sem ekki voru á framboðslista í kjördæminu og í sumum tilvikum strikað fyrir þau. Tvö utankjörfundaratkvæði voru enn fremur úrskurðuð ógild þar sem ekki varð ráðið af áletruninni hvaða lista þau voru greidd. Með vísan til b- og c-liðar 100. gr. laga um kosningar til Alþingis leggur nefndin til að þessir seðlar verði metnir ógildir.
- h. Yfirkjörstjórn úrskurðaði tólf utankjörfundaratkvæði ógild þar sem kjörseðilsumslög komu opin upp úr kjörkössum. Af þeim höfðu níu ekki verið límd aftur og þrjú báru með sér að hafa verið opnuð með eggjárn. Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar eru alþingismenn kosnir leynilegri kosningu. Með leynilegum kosningum er reynt að tryggja að kjósendur greiði ávallt atkvæði í samræmi við sína eigin sannfæringu en ekki fyrir þrýsting frá öðrum. Endurspeglar lög um kosningar til Alþingis þessi sjónarmið. Samkvæmt 91. gr. laga um kosningar til Alþingis skal meta utankjörfundaratkvæði ógilt ef ekki hefur verið farið eftir þeim reglum sem settar hafa verið um atkvæðagreiðslur utan kjörfundar. Lita verður svo á, sbr. 2. mgr. og 6. mgr. 63. gr. laga um kosningar til

Alþingis, að kjörseðilsumslag skuli vera lokað þegar yfirkjörstjórn fær það í hendur en að öðrum kosti sé ekki tryggt að kjósandi hafi greitt atkvæði með leynd, sbr. hér til hliðsjónar d-lið 100. gr. laga um kosningar til Alþingis. Leggur nefndin því til að framangreindir utankjörfundarseðlar verði metnir ógildir.

4.

Álit kjörbréfanefndar er að meta beri gild þau átta ágreiningsatkvæði sem yfirkjörstjórn Suðurlkjördæmis hefur metið ógild.

Jafnframt er álit kjörbréfanefndar að af þeim 22 ágreiningsatkvæðum sem yfirkjörstjórn Reykjavíkurlkjördæmis norður mat ógild beri að meta 18 gild og fjögur ógild. Jafnframt ber að meta eitt atkvæði gilt sem yfirkjörstjórn hefur einnig metið gilt.

Loks er það álit kjörbréfanefndar að af þeim 32 atkvæðum sem yfirkjörstjórn Reykjavíkurlkjördæmis suður mat ógild beri að meta tvö gild og 30 ógild. Enn fremur ber að meta tvö atkvæði gild sem yfirkjörstjórn hefur einnig metið gild.

Nefndin hefur gengið úr skugga um að álit hennar og tillögur um meðferð ágreiningsatkvæða hafa ekki áhrif á niðurstöður kosninganna.

II.

Kosningakærum.

1.

Nefndinni barst með bréfi innanríkisráðuneytis, dags. 10. maí 2013, kæra umboðsmanns T-lista Dögunar, stjórnmalasamtaka um réttlæti, sanngirni og lýðræði, í Suðvesturkjördæmi. Bréfi ráðuneytisins fylgdi enn fremur ljósrit úr gerðabók landskjörstjórnar frá 6. maí 2013 og ljórit skýrslu yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis og yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis um niðurstöður kosninganna í kjördæmunum.

Í kærunni er krafist leiðréttingar á úthlutun þingsæta. Krafan er reist á því að úthlutunin sé ekki í samræmi við 65. gr. stjórnarskrárinnar, sem mælir fyrir um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum, og að ákvæði 31. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæði kosningalaga halli verulega á rétt umbjóðanda umboðsmanns skv. 65. gr. stjórnarskrárinnar og þar með alla kjósendur í Suðvesturkjördæmi.

Nefndin bendir á að í 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar segir að ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skuli landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Nefndin lítur svo á að þarna hafi stjórnarskrárgjafinn fallist á það misvægi atkvæða milli kjördæma sem fer ekki fram úr þeim mörkum sem kveðið er á um í málsgreininni. Regla 5. mgr. 31. gr. er sérákvæði gagnvart hinni almennu jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar sem gengur henni frammar. Af þessum sökum telur nefndin ekki ástæðu til þess að draga lögmæti kosninganna og úthlutunar þingsæta í efa og álitur kröfu um nýja úthlutun ekki eiga við rök að styðjast. Í nefndinni komu fram sjónarmið um mikilvægi þess að jafna frekar atkvæðarétt. Er álit nefndarmanna samhljóða álit kjörbréfanefndar á 137. lögjafarþingi í sams konar álitamáli.

2.

Nefndinni barst með bréfi innanríkisráðuneytis, dags. 24. maí 2013, kæra út af framkvæmd alþingiskosninga 2013. Með kærunni fylgdu ljósmyndir sem teknar höfðu verið á kjörstað. Í kærunni er farið fram á að Alþingi taki málið til umfjöllunar en ekki krafist ógildingar kosninganna. Kærunni er einnig beint til ríkislögreglustjóra í samræmi við 119. gr. laga

um kosningar til Alþingis og farið fram á að hann rannsaki kosningaframkvæmdina. Auk þess er farið fram á að verklagsreglur kjörstjórna verði endurskoðaðar. Í kærinni eru gerðar athugasemdir við það að ferlar séu ekki samræmdir á milli kjörstaða og framkvæmd háttað á mismunandi veg. Einnig er talin þörf á því að hlutverk umboðsmanna stjórnmalaflokka á kjörstað sé betur skilgreint.

Eins og kæran er úr garði gerð á hún ekki undir úrskurð Alþingis skv. 118. og 120. gr. laga um kosningar til Alþingis og gefur ekki sjálfstætt tilefni til sérstakrar rannsóknar af hálfu þess. Um meðferð hennar fer að hætti sakamála, sbr. 119. gr. laga um kosningar til Alþingis, en kærinni hefur verið beint til lögreglu. Hins vegar koma fram í kærinni ábendingar sem vert er að komi til athugunar við endurskoðun á lögum um kosningar til Alþingis.

3.

Nefndinni bærust fimm samhljóða kærur þar sem kærð eru ýmis atriði í nýliðnum kosningum. Krafist er ógildingar þeirra á ýmsum forsendum sem koma fram í 45 kæruliðum. Kæruliðir þessir eru þrjúþættir. Í fyrsta lagi varða þeir framkvæmd nýliðinna kosninga, bæði utan kjörfundar og á kjörfundi, þar sem kærundur telja að lögum hafa ekki verið fylgt, í öðru lagi varða þeir efni laga, einkum laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, þar á meðal um skipan kjörstjórna, um kjördæmaskiptingu, um hlutverk umboðsmanna stjórnmalaflokka og ákvæði um framboðslista og meðmælendalista. Í þriðja lagi varða kærurnar úrskurði landskjörstjórnar um að framboð einstaklinga utan stjórnmalaflokka væru ógild.

Að því er varðar framkvæmd kosninganna þá verður ekki séð að þær athugasemdir sem gerðar eru við hana geti varðað ógildi þeirra, sbr. 118. og 120. gr. laga um kosningar til Alþingis. Fer um athugasemdir kæranda að hætti sakamála samkvæmt 119. gr. laga um kosningar til Alþingis og skal beint til hlutaðeigandi lögreglustjóra. Í kærinni kemur fram að það hafi verið gert.

Að því leyti sem kærurnar varða efni einstakra lagafyrirmæla um framkvæmd alþingiskosninga sem Alþingi hefur sett fellur slíkt ekki undir 118. og 120. gr. laga um kosningar til Alþingis og koma því ekki til frekari athugunar.

Hvað varðar möguleika umræddra einstaklinga til þess að bjóða sig fram utan stjórnmalaflokka er forsagan sú að framboð þeirra voru úrskurðuð ógild af yfirkjörstjórnnum á þeim grundvelli að þau uppfylltu ekki skilyrði VII.–X. kafla laga um kosningar til Alþingis. Kærundur töldu sig eiga rétt á að bjóða fram við kosningar til Alþingis utan stjórnmalaflokka á grundvelli 34. gr. stjórnarskrárinnar, sem mælir fyrir um kosningar og kjörgengi til Alþingis. Kærundur höfðu ekki fengið úthlutað listabókstaf fyrir framboð sín frá innanríkisráðuneytinu og ekki látið fylgja þeim framboðslista eða lista fyrir meðmælendur með framboðunum eins og fyrirmæli eru um í VII.–X. kafla laga um kosningar til Alþingis. Í úrskurðum landskjörstjórnar frá 16. apríl 2013 er vísað til fjölda alþingismanna og kosninga-fyrirkomulag skv. 31. gr. stjórnarskrárinnar. Þá er rakið í úrskurðum landskjörstjórnar að um kosningarétt og kjörgengi við alþingiskosningar sé fjallað í 33. og 34. gr. stjórnarskrárinnar. Gert sé ráð fyrir því að þingmenn sem taka sæti á Alþingi séu kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára, sbr. 1. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt því sé lögð áhersla á að kosningarnar séu hlutbundnar, þ.e. listakosningar. Leiðir þetta enn fremur af 2.–6. mgr. ákvæðisins. Á grundvelli 2. mgr. 33. gr. stjórnarskrárinnar hafi Alþingi sett nánari reglur um kosningar til Alþingis, sbr. nú lög nr. 24/2000. Ákvæði þeirra mæli sérstaklega fyrir um hvernig standa eigi að framboðum til Alþingis, skráningu listabókstafa, tilkynningum til yfirkjörstjórna um framboð og umboðsmenn og málsmeðferð. Það var niðurstaða

landskjörstjórnar að framangreindum fyrirmælum hafi ekki verið fylgt af hálfu þessara fimm einstaklinga og voru framboð þeirra því úrskurðuð ógild.

Ákvæði 31. gr. stjórnarskrárinnar og fyrirmæli laga um kosningar til Alþingis leiða til þess að mati nefndarinnar að óhjákvæmilegt er annað en að líta svo á að tilkynning umræddra einstaklinga um framboð hafi ekki uppfyllt skilyrði laga um framboð við alþingiskosningar. Úrskurðir landskjörstjórnar raska því ekki gildi kosninganna.

4.

Einnig barst nefndinni bréf innanríkisráðuneytisins, dags. 22. maí 2013, en því fylgdi nafnlaus kæra út af framkvæmd alþingiskosninga 2013.

Í kærinni er vísað í kosningaumfjöllun ýmissa fjölmiðla og talið að frambjóðendur tiltekings framboðslista hafi með stefnumálum sínum viðhaft óleyfilegan kosningaáróður og kosningaspjöll, sbr. 117. gr. laga um kosningar til Alþingis. Í kærinni er skorað á viðhlítandi ráðuneyti að kanna málið og fara með það lengra ef þörf krefur.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. þingskapa er það ekki skilyrði þess að Alþingi kanni gildi kosninga að kæra hafi borist eða að almennum reglum um form kæru hafi verið fylgt, þar á meðal að fram komi hver hafi borið hana fram. Þau efnisatriði sem vísað er til í kærinni eru aftur á móti ekki þess eðlis að mati nefndarinnar að þau krefjist sjálfstæðrar rannsóknar af hálfu Alþingis.

5.

Loks barst nefndinni kæra út af niðurstöðu alþingiskosninga 2013 með tölvupósti, dags. 3. júní 2013.

Í kærinni eru gerðar athugasemdir við að lögum um kosningar til Alþingis hafi ekki verið breytt í samræmi við niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október 2012, nánar tiltekið um jafnt vægi atkvæða kjósenda alls staðar að af landinu og að persónukjör í kosningum til Alþingis yrði heimilað í meiri mæli en nú er. Kærandi krefst þess að nýkjörið Alþingi samþykki breytingar á lögum nr. 24/2000 til samræmis við niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar 20. október 2012 og að kosið verði að nýju til Alþingis samkvæmt breyttum kosningalögum.

Nefndin telur að í kærinni komi fram sjónarmið og athugasemdir sem eiga ekki undir úrskurð Alþingis skv. 118. og 120. gr. laga um kosningar til Alþingis og tekur nefndin því ekki afstöðu til hennar.

III.

Álit og tillögur.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þingskapa er kjörbréfanefnd falið að gera tillögu til Alþingis um það hvort kosning og kjörgengi þingmanns skuli talin gild. Við rannsókn sína getur Alþingi úrskurðað kosningu ógilda þó svo að hún hafi ekki verið kærð, svo sem nánar er lýst í 5. gr. þingskapa. Þó svo að kjörbréfanefnd sé fyrst og fremst ætlað að fjalla um lögmæti kosninga hefur nefndin í fyrri álitum einnig tjáð sig um önnur atriði, svo sem að lýsa skoðun sinni á mikilvægi þess að jafna atkvæðisrétt, sbr. álit nefndarinnar 2009 á 137. löggjafarþingi.

Eftir rannsókn kjörbréfanefndar á framkomnum ágreiningsseðlum og kosningakærum telur nefndin mikilvægt að hugað verði að almennri endurskoðun laga um kosningar til Alþingis. Þar gefist jafnframt tóm til þess að fara yfir framkvæmd laganna og ýmis grundvallaratriði, svo sem að jafna atkvæðisrétt. Í nefndinni hafa komið fram sjónarmið um að við endurskoðun á lögum um kosningar til Alþingis þurfi að leita leiða til þess að jafna þennan

mun enn betur. Á það bæði við um jöfnun atkvæðisréttar milli kjördæma en einnig jöfnun milli stjórnmalasamtaka, sbr. 4. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir: „Öðrum þingsætum en kjördæmissætum skal ráðstafa í kjördæmi og úthluta þeim til jöfnunar milli stjórnmalasamtaka þannig að hver samtök fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína.“ Í nýliðnum kosningum varð þessi munur meiri en áður í núgildandi kosningakerfi. Til þess að ná þessum markmiðum stjórnarskrárinnar hefðu jöfnunarsæti þurft að vera fleiri á kostnað kjördæmasæta, en stjórnarskráin mælir fyrir um að kjördæmissæti skuli fæst vera sex. Verður af því ráðið að þetta misræmi sé unnt að leiðrétta með breytingum á kosningalögum en kalli ekki nauðsynlega á breytingar á stjórnarskrá.

Einnig var um það rætt í nefndinni að þörf væri á að samræma verklag betur milli kjördæma og kjörstaða, bæði hvað varðar framkvæmd kosninga og úrvinnslu kjörgagna. Þá komu upp hugmyndir um að kynna betur fyrir kjósendum þær meginreglur sem gilda við mat á því hvort atkvæði teljist gild eða ekki.

Þegar litið er til þess sem rakið hefur verið hér að framan leggur nefndin til í samræmi við 46. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 1. gr., sbr. 5. gr., laga um þingsköp Alþingis að kosningarnar teljist gildar og að kjörbréf eftirfarandi aðalmanna og varamanna verði **samþykkt**:

Aðalmenn:

Gunnar Bragi Sveinsson, 1. þm. Norðvest.
 Einar K. Guðfinnsson, 2. þm. Norðvest.
 Ásmundur Einar Daðason, 3. þm. Norðvest.
 Haraldur Benediktsson, 4. þm. Norðvest.
 Guðbjartur Hannesson, 5. þm. Norðvest.
 Elsa Lára Arnardóttir, 6. þm. Norðvest.
 Jóhanna María Sigmundsdóttir, 7. þm. Norðvest.
 Lilja Rafney Magnúsdóttir, 8. þm. Norðvest.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 1. þm. Norðaust.
 Kristján Þór Júlíusson, 2. þm. Norðaust.
 Höskuldur Þórhallsson, 3. þm. Norðaust.
 Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðaust.
 Líneik Anna Sævarsdóttir, 5. þm. Norðaust.
 Valgerður Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðaust.
 Kristján L. Möller, 7. þm. Norðaust.
 Þórunn Egilsdóttir, 8. þm. Norðaust.
 Bjarkey Gunnarsdóttir, 9. þm. Norðaust.
 Brynhildur Pétursdóttir, 10. þm. Norðaust.

Sigurður Ingi Jóhannsson, 1. þm. Suðurk.
 Ragnheiður E. Árnadóttir, 2. þm. Suðurk.
 Silja Dögg Gunnarsdóttir, 3. þm. Suðurk.
 Unnur Brá Konráðsdóttir, 4. þm. Suðurk.
 Páll Jóhann Pálsson, 5. þm. Suðurk.
 Oddný G. Harðardóttir, 6. þm. Suðurk.
 Ásmundur Friðriksson, 7. þm. Suðurk.
 Haraldur Einarsson, 8. þm. Suðurk.

Vilhjálmur Árnason, 9. þm. Suðurk.
Páll Valur Björnsson, 10. þm. Suðurk.

Bjarni Benediktsson, 1. þm. Suðvest.
Eygló Harðardóttir, 2. þm. Suðvest.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 3. þm. Suðvest.
Árni Páll Árnason, 4. þm. Suðvest.
Willum Þór Þórsson, 5. þm. Suðvest.
Jón Gunnarsson, 6. þm. Suðvest.
Guðmundur Steingrímsson, 7. þm. Suðvest.
Ögmundur Jónasson, 8. þm. Suðvest.
Vilhjálmur Bjarnason, 9. þm. Suðvest.
Þorsteinn Sæmundsson, 10. þm. Suðvest.
Katrín Júlíusdóttir, 11. þm. Suðvest.
Birgitta Jónsdóttir, 12. þm. Suðvest.
Elín Hirst, 13. þm. Suðvest.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, 1. þm. Reykv. s.
Vigdís Hauksdóttir, 2. þm. Reykv. s.
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, 3. þm. Reykv. s.
Pétur H. Blöndal, 4. þm. Reykv. s.
Svandís Svavarsdóttir, 5. þm. Reykv. s.
Róbert Marshall, 6. þm. Reykv. s.
Guðlaugur Þór Þórðarson, 7. þm. Reykv. s.
Karl Garðarsson, 8. þm. Reykv. s.
Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. s.
Jón Þór Ólafsson, 10. þm. Reykv. s.
Óttarr Proppé, 11. þm. Reykv. s.

Illugi Gunnarsson, 1. þm. Reykv. n.
Frosti Sigurjónsson, 2. þm. Reykv. n.
Katrín Jakobsdóttir, 3. þm. Reykv. n.
Össur Skarphéðinsson, 4. þm. Reykv. n.
Brynjar Þór Níelsson, 5. þm. Reykv. n.
Björt Ólafsdóttir, 6. þm. Reykv. n.
Sigrún Magnúsdóttir, 7. þm. Reykv. n.
Árni Þór Sigurðsson, 8. þm. Reykv. n.
Birgir Ármannsson, 9. þm. Reykv. n.
Helgi Hrafn Gunnarsson, 10. þm. Reykv. n.
Valgerður Bjarnadóttir, 11. þm. Reykv. n.,

Varamenn:

Sigurður Páll Jónsson, 1. vþm. Framsfl. í Norðvest.
Anna María Elíasdóttir, 2. vþm. Framsfl. í Norðvest.
Jón Árnason, 3. vþm. Framsfl. í Norðvest.
Halldór Logi Friðgeirsson, 4. vþm. Framsfl. í Norðvest.

Ólína Þorvarðardóttir, 1. vþm. Samf. í Norðvest.
 Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Norðvest.
 Sigurður Örn Ágústsson, 2. vþm. Sjálfstfl. í Norðvest.
 Lárus Ástmar Hannesson, 1. vþm. Vinstri-gr. í Norðvest.

Preben Pétursson, 1. vþm. Bjartrar fr. í Norðaust.
 Hjálmar Bogi Hafliðason, 1. vþm. Framsfl. í Norðaust.
 Guðmundur Gíslason, 2. vþm. Framsfl. í Norðaust.
 Katrín Freysdóttir, 3. vþm. Framsfl. í Norðaust.
 Bjarnveig Ingvadóttir, 4. vþm. Framsfl. í Norðaust.
 Erna Indriðadóttir, 1. vþm. Samf. í Norðaust.
 Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Norðaust.
 Jens Garðar Helgason, 2. vþm. Sjálfstfl. í Norðaust.
 Edward H. Huijbens 1. vþm. Vinstri-gr. í Norðaust.
 Ingibjörg Þórðardóttir, 2. vþm. Vinstri-gr. í Norðaust.

Guðlaug Elísabet Finnsdóttir, 1. vþm. Bjartrar fr. í Suðurk.
 Fjóla Hrund Björnsdóttir, 1. vþm. Framsfl. í Suðurk.
 Sandra Rán Ásgrímsdóttir, 2. vþm. Framsfl. í Suðurk.
 Sigrún Gísladóttir, 3. vþm. Framsfl. í Suðurk.
 Jónatan Guðni Jónsson, 4. vþm. Framsfl. í Suðurk.
 Björgvin G. Sigurðsson, 1. vþm. Samf. í Suðurk.
 Geir Jón Þórisson, 1. vþm. Sjálfstfl. í Suðurk.
 Oddgeir Ágúst Ottesen 2. vþm. Sjálfstfl. í Suðurk.
 Sandra Dís Hafþórsdóttir, 3. vþm. Sjálfstfl. í Suðurk.
 Trausti Hjaltason, 4. vþm. Sjálfstfl. í Suðurk.

Freyja Haraldsdóttir, 1. vþm. Bjartrar fr. í Suðvest.
 Sigurjón Norberg Kjærnested 1. vþm. Framsfl. í Suðvest.
 Ólöf Pálína Úlfarsdóttir, 2. vþm. Framsfl. í Suðvest.
 Elín Jóhannsdóttir, 3. vþm. Framsfl. í Suðvest.
 Björn Leví Gunnarsson, 1. vþm. Pírata í Suðvest.
 Magnús Orri Schram 1. vþm. Samf. í Suðvest.
 Margrét Gauja Magnúsdóttir, 2. vþm. Samf. í Suðvest.
 Óli Björn Kárason, 1. vþm. Sjálfstfl. í Suðvest.
 Karen Elísabet Halldórsdóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í Suðvest.
 Bryndís Loftsdóttir, 3. vþm. Sjálfstfl. í Suðvest.
 Friðjón R. Friðjónsson, 4. vþm. Sjálfstfl. í Suðvest.
 Unnur Lára Bryde 5. vþm. Sjálfstfl. í Suðvest.
 Rósa Björk Brynjólfsdóttir, 1. vþm. Vinstri-gr. í Suðvest.

Brynhildur S. Björnsdóttir, 1. vþm. Bjartrar fr. í Reykv. s.
 Sigrún Gunnarsdóttir, 2. vþm. Bjartrar fr. í Reykv. s.
 Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, 1. vþm. Framsfl. í Reykv. s.
 Jóhanna Kristín Björnsdóttir, 2. vþm. Framsfl. í Reykv. s.
 Ásta Guðrún Helgadóttir, 1. vþm. Pírata í Reykv. s.
 Björk Vilhelmsdóttir, 1. vþm. Samf. í Reykv. s.

Mörður Árnason, 2. vþm. Samf. í Reykv. s.
 Sigríður Ásthildur Andersen 1. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. s.
 Áslaug María Friðriksdóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. s.
 Teitur Björn Einarsson, 3. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. s.
 Álfheiður Ingadóttir, 1. vþm. Vinstri-gr. í Reykv. s.

Heiða Kristín Helgadóttir, 1. vþm. Bjartrar fr. í Reykv. n.
 Þorsteinn Magnússon, 1. vþm. Framsfl. í Reykv. n.
 Fanný Gunnarsdóttir, 2. vþm. Framsfl. í Reykv. n.
 Halldóra Mogensen, 1. vþm. Pírata í Reykv. n.
 Skúli Helgason, 1. vþm. Samf. í Reykv. n.
 Anna Margrét Guðjónsdóttir, 2. vþm. Samf. í Reykv. n.
 Ingibjörg Óðinsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. n.
 Elínbjörg Magnúsdóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. n.
 Arnar Þórisson, 3. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. n.
 Steinunn Þóra Árnadóttir, 1. vþm. Vinstri-gr. í Reykv. n.
 Björn Valur Gíslason, 2. vþm. Vinstri-gr. í Reykv. n.

Alþingi, 6. júní 2013.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Helgi Hrafn Gunnarsson.
Höskuldur Þórhallsson.	Páll Valur Björnsson.	Silja Dögg Gunnarsdóttir.
Unnur Brá Konráðsdóttir.	Vigdís Hauksdóttir.	Össur Skarphéðinsson.